

## Stefna KÍ varðandi erlent samstarf

Sjötta þing KÍ haldið 1. - 4. apríl 2014 samþykkir að KÍ sé áfram virkur þátttakandi í erlendu samstarfi.

Markmiðið með þátttöku í erlendu samstarfi er að fylgjast með því helsta sem er að gerast í kjara-, skóla- og menntamálum og málefnum kennara og skólastjórnenda annars staðar í heiminum og til að miðla til annarra því sem markvert er á Íslandi. Þeir sem taka þátt í erlendu samstarfi fyrir hönd KÍ miðli því áfram innan sambandsins eftir því sem við á hverju sinni.

Stefna KÍ um þátttöku KÍ í erlendu samstarfi

Formaður KÍ ber ábyrgð á erlendu samstarfi fyrir hönd KÍ, gegnir forystu, er málsvari og leiðir starfið.

KÍ er aðili að alþjóðasamtökum kennara, **Education International (EI)** og greiðir þáttökugjald til EI.

KÍ er aðili að Evrópusamtökum kennarafélaga, **European Trade Union Committee on Education (ETUCE)** sem starfar náið með EI.

Kennarasambandið á tvo þingfulltrúa á heimspingi EI og Evrópuþingi ETUCE. Formaður KÍ eða staðgengill hans er fulltrúi sambandsins á þingum EI og ETUCE.

KÍ tekur auk þess þátt í ráðstefnum og málþingum sem samtökin standa fyrir eða bjóða til eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni.

KÍ á fastan fulltrúa á samráðsvettvangi ETUCE, **Pan European Structure**. KÍ tekur virkan þátt í starfi samtakanna og stefnt er að virkri þátttöku í afmörkuðum málefnum meðal annars með því að taka þátt í könnunum og úttektum og leggja til umsagnir í fjölþjóðlegt samráð um skólastarf og menntamál. Úrvinnsla verður með þeim hætti að þjónustufulltrúar á félagssviði, launafulltrúi og hagfræðingur munu tengjast verkefnum undir forystu formanns og varaformanns.

KÍ á aðild að samtökum kennara og skólastjórnenda á Norðurlöndum, **Nordiske Lærerorganisations Samråd (NLS)**. NLS eru samtök kennara og skólastjóra á öllum skólastigum og hafa um 600.000 félagsmenn. Í stjórn samtakanna á KÍ þrjú sæti, eitt þeirra skal skipað formanni KÍ.

*Í framkvæmd samkvæmt heimild frá NLS: Einn fulltrúi KÍ frá leikskólastigi, einn frá grunnskólastigi og einn frá framhaldsskólastigi, einn þessara fulltrúa skal vera formaður KÍ.*

KÍ tekur auk þess þátt í námskeiðum, ráðstefnum og málþingum sem samtökin standa fyrir eða bjóða til eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Aðildarfélög kennara á hverju skólastigi FL, FG og FF eiga aðild að deildum NLS (sektor) sem eru umræðuvettvangur eftir skólastigum. Hvert skólastig ræður fjölda þátttakenda á þessum vettvangi.

Mikilvægt er að tengja starfið bæði við kjaramála- og skólamálavettvang félaganna. Þátttaka félaganna er bundin fjárheimildum í fjárhagsáætlun hvers aðildarfélags KÍ.

**Skólastjórafélag Íslands (SÍ) og Félag stjórnenda í leikskóla (FSL)** taka þátt í samstarfi innan NLS með þátttöku í *LEDARFORUM* sem NLS gengst fyrir árlega. Þátttaka félaganna er bundin fjárheimildum í fjárhagsáætlun hvers aðildarfélags KÍ.

**Félag tónlistarskólakennara (FT)** tekur þátt í norrænu samstarfi á vettvangi *Nordisk Union for Musikutbildare, NUMU*. Íslandsdeild NUMU mynda, ásamt FT, Samtök tónlistarskólastjóra, STS, og Tónmenntakennarafélag Íslands, TKÍ. Félag tónlistarskólakennara er einnig þátttakandi í Evrópusamstarfi á vettvangi *European Music School Union, EMU*. Innan EMU er einnig starfandi svæðisdeild Norðurlandanna *Nordisk Musik og Kulturskole Union, NMKU*. Þátttaka FT er bundin fjárheimildum í fjárhagsáætlun þess.